

# Flokkar agabrota þegar farið er yfir polmörk



Agabrot eru flokkuð í þrjá flokka; gulan, appelsínugulan og rauðan. Flokkarnir eru ekki endanlegt yfirlit yfir agabrot en hjálpa til við að greina alvarleika brota og bregðast við þeim samkvæmt því.

## Gulur

- Þras, ögrandi hegðun, rifrildi o.fl.
- Truflandi athafnir við leiki og vinnu annarra.
- Slæm umgengni; húsgögn, námsgögn, flíkur, skemmdir án ásetnings.
- Neysla sælgætis, gos, orkudrykkja.

## Appelsínugulur

- Særandi eða niðrandi orðbragð, hæðni og uppnefni.
- Óhlýðni - neitar að fara eftir fyrirmælum.
- Ósannindi, svik og svindl.
- Líkamlegt áreiti - hrekkir og stríðni

## Rauður

- Ofbeldi, slagsmál, ógnandi hegðun
- Síendurteknir hrekkir (einelti)
- Skemmdarverk

- Þjófnaður
- Neysla eða varsla tóbaks (sigarettur, nef- og munntóbak, rafrettur (veip), áfengis- og fíkniefni).
- Íkveikja
- Vopnaburður

## Starfsreglur

- Við fyrsta brot fær nemandi tiltal hjá viðkomandi starfsmanni. Tiltalið er skráð í Mentor. (Gulur og appelsínugulur)
  - Láti nemandi sér ekki segjast er hann áminntur og brotið skráð í Mentor af umsjónarkennara eða stjórnanda.
  - Láti nemandi sér enn ekki segjast eða brotið er í alvarlegri kantinum (sjá flokkun agabrota) má vísa honum úr tíma eða af vettvangi og er þá foreldrum ávallt gert viðvart af viðkomandi starfsmanni, umsjónarkennara eða skólastjórnanda. Starfsmaðurinn tilkynnir skólastjórnendum skólans að hann hyggist vísa nemanda úr tíma eða af vettvangi og ákvörðun er tekin hvar nemandin skal dvelja umræddan tíma. Nemanda sem vísað hefur verið úr kennslustund er ávallt í umsjón starfsmanns. Framvinda máls skráð í Mentor.
  - Virði nemandinn regluna alls ekki þrátt fyrir ofangreind þrep, eða brot hans er mjög alvarlegt er honum vísað beint til skólastjórnenda, sem ákveða frekari aðgerðir og er foreldrum gert viðvart. Framvinda máls skráð í Mentor.
- 
- Við alvarleg og ítrekuð brot á skólareglum getur þurft að grípa til tímabundinnar brottvísunar úr skóla, brottvísunar úr einstökum greinum eða brottvísunar um lengri tíma meðan leitað er úrlausnar mála. Um brottvísun úr einstökum greinum eða brottvísunar í lengri tíma en nemur einum skóladegi gilda ákvæði stjórnsýslulaga.
  - Þar sem viðbrögð við brotum á agareglum eru samvinnuverkefni foreldra/forráðamanna og skóla væntir Sandgerðisskóli þess að foreldrar/forráðamenn verði í góðu samstarfi með að framfylgja skólareglum og viðurlögum við þeim.
  - Við meðferð agabrota er varða landslög er lögreglu og félagsmálayfirvöldum gert viðvart eftir atvikum.